



17. fundur stjórnar Aftureldingar 5. mars 2013

Fundur settur kl. 17:15 að Varmá.

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðjón Helgason, Hekla Klemenzdóttir, Helga Jóhannesdóttir og Kristín Reynisdóttir. Ásmundur Pálsson og Jóhann Már Helgason boðuðu forföll

Dagskrá:

1. Fjölnotaíþróttahús- nýbygging. Fulltrúar Mosfellsbæjar.
 2. UMSK- aðalfundur.
 3. Viðurkenningar á aðalfundi.
 4. Önnur mál.
-
1. Fjölnota íþróttahúsið. Fulltrúar Mosfellsbæjar, Jóhanna Hansen bæjarverkfræðingur, Björn Þráinn Þórðarson framkvæmdastjóri fræðslu- og menningarsviðs og Sigurður Guðmundsson íþróttfulltrúi mættu til að kynna síðustu útfærslu arkitekts á nýtingu hússins. Þar er gert ráð fyrir fimleikasal á jarðhæð, tveimur bardagasölum á millilofti og ýmissi aðstöðu s.s. salernum, eldhúsi, lyftu, geymslum o.fl. í rými á tveimur hæðum á milli húsanna. Fram kom að einungis salurinn á jarðhæð verði frágenginn árið 2013 og tryggja verði fjárveitingar til frágangs sala á millilofti og rými á milli bygginganna áður en haldið er áfram með fágang byggingarinnar. Þar sem ljóst er að milliloftið verður í fyrsta lagi tilbúið til notkunar um áramót 2014/2015 óskar aðalstjórn Aftureldingar eftir því að bardagadeildir fái einn sal á jarðhæð byggingarinnar þar til milliloft verður tilbúið til notkunar. Formannafundur sem haldinn var 13. febrúar ítrekaði þá afstöðu sína að félagsaðstaða væri nauðsynleg fyrir félagið og lagði áherslu á að á milliloftinu verði gert ráð fyrir félagsaðstöðu. Þar sem talsverður tími er til stefnu hvað varðar ákvarðanir um nýtingu á millilofti og hugsanlegar aðrar lausnir varðandi félagsaðstöðu telur aðalstjórn ekki nauðsynlegt að taka endanlega ákvörðun um nýtingu millilofts á þessum tímapunkti. Aðalstjórn vill þó leggja áherslu á að nauðsynlegt verður að hafa e.k göngubrú meðfram sölum á millilofti svo ekki þurfi að fara í gegnum annan salinn á leið í hinn.
 2. UMSK aðalfundur. Formaður kynnti samþykkt sem gerð var á fundinum um að breyta úthlutunarreglum lottófjár hjá UMSK. Frá og með aðalfundi árið 2014 verður miðað við íbúafjölda sveitarfélags og síðan iðkendafjölda félaga við skiptingu lottófjárins milli aðildarféлага UMSK. Aðalstjórn Aftureldingar lýsir mikilli ánægju með niðurstöðuna. Aðalstjórn Aftureldingar andmælir þeim hugmyndum sem fram komu á fundinum, og vísað var til stjórnar sambandsins, um að bæta þeim félögum sem fá munu lægri fjárhæðir í sinn hlut eftir þessar breytingar að hluta til þá skerðingu sem þau verða fyrir vegna þessarar leiðréttingar á úthlutunarreglum og mun koma þeirri skoðun sinni á framfæri við stjórn UMSK.
 3. Viðurkenningar á aðalfundi. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir tilnefningum frá deildum félagsins samkvæmt reglum um heiðursviðurkenningar Aftureldingar.
 4. Önnur mál. Ósk hefur borist frá skoðunarmönnum reikninga um að fresta aðalfundi þar til í fyrstu viku aprílmánaðar til að ljúka megi skoðun reikninga allra deilda félagsins. Aðalstjórn telur óhjákvæmilegt annað en að verða við þessum óskum skoðunarmanns og frestar aðalfundi þar til 4. apríl.

Fundi slitið kl. 19:20.

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari aðalstjórnar.